

Skýrsla um starfendarannsóknir 2021-2022

Það var töluverð gróska í starfendarannsóknahópnum skólaárið 2021-2022. 27 starfsmenn tóku þátt í vetur, þar af þrír stjórnendur. Ytri ráðgjafi hópsins var Guðrún Ragnarsdóttir, lektor við Menntavísindasvið HÍ.

Hópurinn fundaði sex sinnum yfir veturinn á föstum fundartíma eftir kennslu á miðvikudögum, fundir voru settir á skóladagatal í upphafi skólaársins og var mikill fyrirsjáanleiki í því. Allir fundir nema einn voru staðfundir, einn þurfti að færa á Teams vegna aukningar á Covid smitum í samfélaginu snemma árs 2022. Að auki heimsótti hópurinn starfsþróunarhóp í Fjölbrotaskóla Suðurnesja í mars 2022. Þar fengum við kynningu á starfsþróunar í skólanum og ræddum einstaka verkefni nánar í minni hópum.

Á starfendarannsóknafundum fóru fram líflegar umræður í stærri og minni hópum um rannsóknir, rannsóknargögn, aðferðir og hugtök auk kynninga á rannsóknum og verkefnum í vinnslu. Í upphafi árs hvatti yti ráðgjafi til bandamannavinnu og endurgjöf jafningja sem reyndist mörgum vel. Rannsóknir þátttakenda tóku flestar mið af leiðsagnarnámi og aðferðum til að virkja nemendur og efla námskraft þeirra. Talsvert var fjallað um notkun matskvarða og sjálfsmat nemenda á m.a. með útgöngumiðum. Nokkur áhersla var á tilraunir til að draga úr vægi einkunna og meta í staðinn hæfni út frá litakóðum. Þrír kennarar í starfendarannsóknarhópnum sendu inn erindi á ráðstefnu um Leiðsagnarmat í FMos í febrúar 2022 og starfsfólk MS fjölmennti þangað.

Þetta var síðasta starfsár Hjördísar Þorgeirsdóttir, sem hefur verið burðarstólpi í starfendarannsóknum í MS frá upphafi, og á lokafundi skólaársins kvaddi hún með virktum og talað um hve gjöfular og mikilvægar starfendarannsóknir hafa verið fyrir skólann.

Hjördís Alda Hreiðarsdóttir
Verkefnisstjóri starfendarannsókna 2021-2022

